

Svar formanns velferðarráðs við svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sem var lögð fram á fundi velferðarráðs 24. apríl 2019:

*„Fram kom hjá formanni velferðarráðs í fréttum að starfsfólk hafi fundið upp á að leyfa einstaklingum að sprauta sig í skaðaminnkandi tilgangi. Er þetta rétt? Fram kom í máli formannsins að starfsfólk sé búið að krefjast þess að þessu sé hætt í allan vetur. Er það rétt? Er rétt að starfsfólki sé enn gert skylt að annast neyslupjónustu samkvæmt „leiðbeiningablaði“ jafnvel þótt það sé jafnvel ekki sátt við það? Á RUV segir formaðurinn eftirfarandi; „Það eru engin neyslurými í Gistiskýlinu, bara rými til neyslu“ Hvað er átt við hér?“*

Formaður velferðarráðs kannast ekki við að hafa viðhaft í fjölmiðlum nokkur þau ummæli sem koma fram í fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins að ofan. Að öðru leyti vísar formaður til svars sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 22. maí 2019, við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sem lögð var fram á sama fundi, sbr. 15. lið fundargerðar þann 24. apríl 2019.